

Stjórnarfundur FKA #7 - fundargerð

Starfsár 2022 – 2023

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 07.12.2022

Tími: 12:00 – 13.30

Mættar: Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Katrín Kristjana Hjartardóttir (KKH), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP) og Sigrún Jenný Barðadóttir (SJB). ásamt framkvæmdastjóra félagsins Andreu Róbertsdóttir (AR).

Forföll boðuðu: Dóra Eyland (DE) og Íris Ósk Ólafsdóttir (ÍÓÓ).

Dagskrá fundarins var eins og merktir liðir bera með sér.

12.00 – 12.10	1	Opnunarhringur – hvernig hefur þú það? 1 mín pr konu – Stafrófsröð
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – (AR) ekki glærur í dag.
12.20 – 12.25	3	Rekstraráætlun styrkur til Framtíðar (SHP) - samþykktur
12.25 – 12.30	4	Verkefni stjórnar a. Jafnvægisvog – formaður JVR AR – Ásta Dís hefur samþykkt að verða formaður JVR, endurskoða þarf samning við verkefnastjóra fyrir komandi ár. GG/UEA b. Innra skipulag (stefnumótun og framfylgni laga) – SHP, AR – ekki tekið fyrir. Fundum í stefnumótunarhóp var frestað vegna veikinda. c. FKA viðurkenningarhátíð – 26. janúar 2023 – AR, GG, KKH – allt gengur samkvæmt áætlun og tímalínu. d. Sýnleikadagur 2023 – 2. Mars 2023 DE, KKH, SJB + nefnd – allt gengur samkvæmt áætlun og tímalínu e. Ráðstefna í Dubai í maí 2023 SHP, AR – FKA er skráð á ráðstefnuna Global Summit of Women í Dubai 2023 og stefnir að því að vera með 12-15 kvenna hóp. Alþjóðanefnd er að skipuleggja ferðina hvað varðar flug og skoðunarferðir. Önnur mál - Smartland Morgunblaðsins hafði samband og hafði áhuga á að vera með FKA konur í reglulegum kynningarviðtölum. SHP og AR setja sig í samband við Smartland fyrir næsta stjórnarfund og fá frekari upplýsingar. - Instagram kennsla – KKH stakk upp á að hafa Instagram kennslu fyrir félagskonur í janúar. Samþykkt einróma, hún finnur dagsetningu og lætur stjórn vita. - Allir viðburðir í desember hafa gengið vel og skiptust stjórnarkonur á að mæta, taka myndir og deila á miðlum félagsins.
12.30 - 13.30	6	Litlu jól stjórnar.